

Climate and Energy Awareness

Samstarfsverkefni í náttúrufræði (9. og 10. bekkur) við skóla í Danmörku (Sonderborg) og á Spáni (Mallorca). Áhersla er á orku, orkunotkun og orkugjafa. Nemendur mynda net sín á milli á vefnum og miðla sín á milli hvaða orkugjafar eru helst notaði í löndunum þremur. Einnig kynnast þeir hugtakinu endurnýjanleg orka og huga að sinni eigin orkunotkun. Markmiði er að vekja nemendur til umhugsunar um orkuhegðun sýna og áhrifum orkugjafa á umhverfið. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu.

Umsjónarmenn verkefnisins eru: Laufey Alda Sigvaldadóttir deildarstjóri og Valgerður Johnsen kennari

Culture in a box

Samstarfsverkefni í lífsleikni (unglingastig) við skóla í Bulgarríu (Sliven), Eistlandi (Kivöli), Tyrklandi (Adana) og Póllandi (Mlodów). Verkefnið snýst um að nemendur kynnist menningu í ólíkum löndum, þeir sjái að menning er mismunandi eftir tíma, löndum, aldurshópum, stéttum og að lífsskilyrðin og tækifæri eru ekki þau sömu fyrir alla.

Markmiðið er að ala á umburðarlyndi og virðingu fyrir menningu annarra þjóða og að unglingar sýni fordómaleysi með því að fá innsýn í heim annara unglunga. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu. Umsjónarmaður verkefnis er Helga Krístrún Hjálmarsdóttir kennari.

One smile makes all languages sound the same

Samstarfsverkefni í lífsleikni (unglingastig) við skóla í Lettlandi (Tukumus), Tyrklandi (Manisa) og Bulgarríu (Sliven). Verkefnið snýst um að unglingum kynnist menningu unglunga í öðrum löndum. T.d. hvað gera nemendur í skólanum, frítímanum, hvernig er tískan, hvernig er skólinn og umhverfið sem þeir búa í, hvernig er tungumálið o.s.fr. Markmiðið er að nemendur eigi samskipti og beri virðingu fyrir hvort öðru þó þeir búi ekki í sama landi og eru vanir annarri menningu. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu. Umsjónarmaður verkefnis er Helga Krístrún Hjálmarsdóttir kennari.

Heimasíða verkefnisins er: one-smile.eu